



Faghópur leikskólaliða

Ársfundur

Faghópur leikskólaliða í Eflingu-stéttarfélagi héldu ársfund sinn þriðjudaginn 12. apríl 2011. Fundurinn var haldinn í húsnæði Eflingar Sætúni 1 og hófst kl. 20:00.

Haldinn var fundur 9. nóvember 2010 en þá var Sigríður Hulda Jónsdóttir, forstöðumaður stúdentþjónustu HR með fróðlegan fyrirlestur. Hún fór yfir það hvernig við getum sjálf stýrt lífi okkar og hvernig hvert og eitt okkar þarf að rækta það sem við gerum best og að það sé mikilvægt að virða eigin þarfir. Í lok fundar fór svo Harpa Ólafsdóttir, hagfræðingur og forstöðumaður kjaramálasviðs Eflingar yfir kjaramálin.

Ársfundur 12. apríl 2011.

Dagskrá fundarins: venjuleg ársfundarstörf, skýrsla stjórnar, kosning stjórnar, Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi á leikskólasviði Reykjavíkurborgar hélt kynningu á mastersritgerð sem hún er að vinna að um reynslu og upplifun leikskólaliða af leikskólaliðanáminu, Harpa Ólafsdóttir, hagfræðingur Eflingar og yfirmaður kjaramálasviðs fór yfir stöðu í kjaramálum, önnur mál.

Faghópur leikskólaliða er nú að hefja sitt fjórða starfsár og hefur leikskólaliðum hjá Eflingu fjölgað stöðugt á þessum tíma. Aðalbjörg Jóhannesdóttir fór yfir ársskýrslu leikskólaliða.

Kosning stjórnar fór fram þar sem Erna Haraldsdóttir fór úr stjórn og í hennar stað kom Sigurlaug Brynjólfsdóttir þá bauð Elín Jónsdóttir sig aftur fram til tveggja ára. Í stjórn leikskólaliða eru , Sigurlaug Brynjólfsdóttir, Elín Jónsdóttir, Harpa Ásgeirsdóttir, Aðalbjörg Jóhannesdóttir og Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar, sem er tengiliður við félagið.

Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi á leikskólasviði Reykjavíkurborgar kynnti mastersritgerð sem hún er að vinna að um reynslu og upplifun leikskólaliða af leikskólaliðanáminu. Hún tók viðtal við átta konur á aldrinum 26-57 ára og var starfsaldur þeirra 7-20 ár. Auður fór inn á leikskólana og tók viðtöl við þá leikskólaliða sem tóku þátt í þessari vinnu með henni. Það kom fram hjá henni að leikskólaliðar þurfi að fá undirbúningstíma 1-2 tíma á viku til að gera starfið sýnilegra og að það fái rími á leikskólanum. Henni finnst þetta spennandi verkefni þrátt fyrir

stutta sögu leikskólaliða. Leikskólaliðar sem vinna hjá Reykjavíkurborg eru um 100 og í fyrsta skipti komnir á blað í ársskýrslu hjá leikskólasviði. Samstarf leikskólasviðs og Eflingar hófst 1974 með ýmsum námskeiðum fyrir starfsfólk Eflingar og hefur það samstarf gengið vel til þessa. Kynning Auðar var mjög áhugaverð og spennandi.

Harpa Ólafsdóttir hagfræðingur fór yfir stöðu í kjaramálum og leikskólaliðar fengu tækifæri til að koma með spurningar. Það urðu heitar umræður um kjaramál, leikskólaliðar spurðu mikið um launahækkanir og sögðu að það væri orðið erfitt að láta enda ná saman.

Rósa Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar, tók til máls undir önnur mál. Hún varpaði spurningu um hvort ætti að breyta fundartíma okkar og byrja fundinn kl. 18.00 í stað 20.00 en það vildu fundargestir ekki.

65 leikskólaliðar mættu á fundinn og stóð fundurinn til kl. 23:00.